



Alþingi
Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10

150REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 14. apríl 2004

Efni: Frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 747. mál.

Frumvarp þetta byggir á tillögu meirihluta nefndar sem iðnaðarráðherra skipaði til að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings raforku og um það með hvaða hætti jafna ætti kostnaði vegna flutnings og dreifingar raforku. Samtök atvinnulífsins átti fulltrúa í nefndinni, og stóð hann að frumvarpinu, en lét þó fylgja með bókun þar sem m.a. kom fram að SA teldi eðlilegt að opinber stuðningur við tiltekna raforkunotendur væri eins gegnsær og unnt er en eigi ekki að fela í raforkuverðinu.“

Í frumvarpi til breytinga á raforkulögum, sem liggur fyrir þinginu, er lagt til að dreifiveitum verði heimilt að hafa sérstaka dreifibýlisgjaldskrá á þeim svæðum þar sem dreifingarkostnaður raforku er hærri en í þéttbýli. Samkvæmt þessu frumvarpi miðast jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku einungis við dreifibýlisgjaldskrársvæði dreifiveitu. Skilyrði niðurgreiðslu er að meðaldreifingarkostnaður notenda í kr./kWh sé umfram viðmiðunarmörk sem iðnaðarráðherra setur í reglugerð. Við ákvörðun viðmiðunarmarkna skal taka mið af hæstu gjaldskrá dreifiveitu að dreifibýlisgjaldskrá undanskildum.

Ákvörðun þeirra fjárhæða sem varið verður til niðurgreiðslu á dreifingu raforku verður í höndum Alþingis, eða eins og segir í 3. gr. frv. „Ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé til að lækka kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku skal hann einungis greiddur niður á svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifibýlisgjaldskrár.“

Samtök atvinnulífsins telja að frumvarp þetta uppfylli það skilyrði samtakanna að hinn opinberi stuðningur sé eins gegnsær og unnt er og styðja því að frumvarp þetta verði að lögum.

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri